

Sáðvara Líflands

Landsins mesta úrval af sáðvöru fyrir búmanninn



Verðskrá á www.lifland.is


LÍFLAND

Í frjóa jörð...

Lífland hefur um árabil verið í fararbroddi þegar kemur að úrvali sáðvöru sem gefið hefur góða raun við Íslenskar aðstæður. Við þjóðum upp á gæðavöru, m.a. frá SW Seed í Svíþjóð og Boreal í Finnlandi en þessi fyrirtæki eru leiðandi á sínum sviðum og hafa unnið mikið að kynbótum á nytjaplöntum fyrir norðlægar aðstæður. Lífland hefur notið góðs af samstarfi við sérfræðinga þessara fyrirtækja við þróun á vöruúrvalinu. Auk þess tekur sáðvöruúrval Líflands að stóru leyti mið af þeim yrkjum sem gefið hafa besta raun í yrkjatilraunum Landbúnaðarháskóla Íslands og hefur fyrirtækið átt gott samstarf við helstu fræðimenn landsins á sviði jarðræktartilrauna. Eins hefur verið leitast eftir því að eiga gott samstarf við bændur sem hafa hug á því að reyna ræktun nýrra tegunda og yrkja.

Gott yfirlit yfir vöruúrvalið

Líkt og í fyrra sendum við nú út yfirgripsmikinn vörulista yfir sáðvörur fyrir bændur. Nú hefur ítarlegri umfjöllun um byggyrkin og helstu eiginleika þeirra verið bætt við og ætti það að auðvelda mönnum valið.


Við hvetjum viðskiptavini og aðra bændur til þess að kynna sér úrvalið hjá okkur sem stutt er með góðri ráðgjöf, hagstæðum kjörum og skilvirkri dreifingu. Eins býður Lífland fría dreifingu hvert á land sem er sé pantað fyrir 18. apríl ef pöntuð eru 300 kg eða meira.

Hafðu samband við söluráðgjafa okkar

Kynntu þér landsins mesta úrval af sáðvöru í veglegum sáðvörulista Líflands fyrir vorið og leitaðu ráða og tilboða hjá söluráðgjöfum okkar. Nánari upplýsingar er að finna á baksíðu vörulistans og verðskrá má finna á heimasíðu Líflands, www.lifland.is.

Svona lest þú bæklinginn...

Hver síða ber kaflaheiti sem skýrir hvaða tegundir má finna á henni. Næst kemur stutt yfirlit yfir tegundir og að lokum yrkjalýsingar yfir einstök yrki. Ofan við hverja yrkjalýsingu liggur skýringarramma er sýnir vörunúmer, yrkjaheiti, ráðlegt sáðmagn, stærð pakkninga og hak sem sýnir hvort yrkið hafi verið prófað hjá Landbúnaðarháskóla Íslands.



Endursöluaðilar Líflands á sáðvöru



BúAðföng

Hvolsvelli



Kaupfélag
Vestur- Húnvetninga



KM þjónustan,
Búðardal



Jötunn, Selfossi og
Egilsstöðum



Auðbert og Vigfús Páll ehf
Vík í Mýrdal

Lífland býður í ár upp á tólf byggyrki, sjö sexraða yrki og fimm tvíraða yrki. Í úrvalinu er að finna yrki sem henta á öllum kornræktarsvæðum landsins.

Sexraða- eða tvíraðabygg?

Að jafnaði þroskast sexraðabygg fyrr en tvíraðabygg. Aftur á móti hafa sexraða yrki veikara strá sem hættara er við broti og legu. Breytileiki milli yrkja er þó mikill óháð raðafjölda. Almenn t má segja að sexraðabygg sé notað norðanlands, austan, vestan og í uppsveitum sunnanlands en tvíraðabygg í lágsvæitum sunnanlands.

Hafa má áhrif á uppskeruþætti með sáðmagni!

Æskilegt sáðmagn er háð yrkjum, þannig verður til dæmis að taka tillit til þess að tvíraða yrki geta af sér fleiri stöngla af hverju fræi. Þess vegna getur farið vel að nota ívið stærri sáðmagnsskammta fyrir sexraða yrki. Jafnframt er munur á milli yrkja í þúsundkornþunga. Einnig verður að taka tillit til umhverfisaðstæðna eins og frjósemi, veðurfars og raka. Stórir sáðmagnsskammtar eiga til dæmis illa við í þurru og ófrjósum jarðvegi.

Það ber að athuga að stærri sáðmagnsskammtar leiða þó yfirleitt til minni þúsundkornþunga og rúmþyngdar, verri strástyrks (meiri lega) en líka fljótari þroska og meiri uppskeru. Hafi menn reynslu af því að mikið sé um seinsprottna sprota í akri sem valdi misþroska í kornum, er ráð að auka sáðmagn til að varna því að seinsprottna sprotar myndi blöð og ax. Einnig er ráð að auka sáðmagn ef menn sá seint að vori. Mikið sáðmagn er mest virkjað í frjósamri jörð eða með ríkulegum skömmtum af köfnunarefnisáburði.

Stærð sáðmagns- og köfnunarefnisskammta eru aðaláhrifaþættir í uppskeru og uppskerutengdum þáttum. Má þar einkum nefna þroska, legu, strástyrk, fjölda sprota, korna og fleira.

Meginsvæði yrkjanna eru í grófum dráttum þessi:



Bygg í þyngri jörð

Bygg í léttari/sendna jörð

Kortið er byggt á upplýsingum frá Jónatani Hermannssyni, LBHÍ
Aðrar heimildir: Uppl. frá Lbhí og rétthöfum yrkja.





Verðskrá á

www.lifland.is

SEXRAÐABYGG

90579	JALMARI	190-215	600	
-------	---------	---------	-----	--

NÝTT **Jalmari** er nýtt fljótþroska yrki frá Finnlandi. Finnskar tilraunir lofa góðu en þar hefur Jalmari sýnt mikla uppskeru óháð breiddargráðu og jarðvegsgerð. Gefur góða rúmþyngd og falleg korn og er sérlega þolið gagnvart sveppum. *Hentar vel bæði á sandi og moldarjörð.*

Hentar vel í alla landshluta utan lágsveita sunnanlands.

90571	ELMERI	190-215	40/600	✓
-------	--------	---------	--------	---

Heldur seinna til þroska en Wolmari og Aukusti. **Elmeri** gefur samt fína uppskeru, góða kornþyngd, rúmþyngd og fallegt korn. Þykir falllegt yrki og stendur vind vel af sér þó það leggi aðeins undir flatt. Hefur mikið þol gegn mjöldögg og gegn blaðsveppum ef frá er talinn augnflekkur (*Rhynchosprum secalis*). Uppskerumesta yrkið í tilraunum á Möðruvöllum eftir fimm ára reynslu. *Hentar vel bæði á sandi og moldarjörð.*

Hentar vel í alla landshluta utan lágsveita sunnanlands.

90576	WOLMARI	190-215	40/600	✓
-------	---------	---------	--------	---

Hefur reynst prýðilega héraendis. **Wolmari** er uppskerumikið og fljótþroska. Gott fóðurkorn. Vindþol hefur reynst vera viðunandi enda er það strásterkt og heldur lágvaxnara en hin finnsku yrkin. Wolmari hefur í finnskum athugunum reynst hafa virklega gott þol gegn blaðsveppum, aðeins Jalmari stendur sig betur gegn sveppum. *Hentar vel bæði á sandi og moldarjörð. Þrífst ágætlega í súrum jarðvegi.*

Hentar vel í alla landshluta utan lágsveita sunnanlands.

90581	AUKUSTI	190-215	40/600	✓
-------	---------	---------	--------	---

Aukusti er fljótþroska en jafnframt nokkuð þroskamikið og gefur viðunandi uppskeru. Hefur verið vinsælt í ræktun héraendis. Hefur langt strá og getur verið fremur viðkvæmt í vondum veðrum. Hefur ágætt viðnám gegn sveppum eins og flest finnsku yrkin. *Hentar vel bæði á sandi og moldarjörð. Þrífst ágætlega í súrum jarðvegi.*

Hentar vel í alla landshluta utan lágsveita sunnanlands.

90505	PILVI	190-215	40/600	✓
-------	-------	---------	--------	---

Fljótþroska, nokkuð áberandi að axið drjúpir og ber hnakkann hæst að hausti. **Pilvi** hefur í heildina reynst nokkuð vel og stendur vel í haustveðrum. Ágætlega fljótþroska og hátt próteinhlutfall miðað við bygg. *Hentar jafnt á sandi og moldarjörð.*

Hentar vel í alla landshluta.

90502	JUDIT	190-215	25/700	✓
-------	-------	---------	--------	---

Mikið notað yrki, einkum í innsveitum norðanlands. **Judit** heldur títtunni lengi og heldur kornum vel í axi, það er því vindþolið að því leyti. Eftir að þroska er náð ber á að stöngull verði brothættur um hné. Skilar góðri korn- og hálmuppskeru en kornþungi og rúmþyngd er í meðallagi. *Stendur sig betur í moldarjörð.*

Hentar vel í alla landshluta en einna síst í lágsveitum sunnanlands.

90555	SKÚMUR	190-215	25/700	✓
-------	--------	---------	--------	---

Lágvaxið með fingert strá. **Skúmur** þolir veður mjög vel, axið missir aldrei títu og korn. Axið brotnar ekki af og stöngull hvorki brotnar né leggst. Meðalfljótt til þroska þó fljótari en flest tvíraða yrkin. Kornnið er fremur smátt og rúmþyngd í tæpu meðallagi. **Lómur** er einnig til í takmörkuðu magni. *Hentar í mold en hefur sérlega gott orðspor á sandi.*

Hentar í öllum landshlutum, sérstaklega í lágsveitum sunnanlands

Bygg - tvíraða

TVÍRAÐABYGG

90500	KRÍA	180-200	25/700	✓
-------	------	---------	--------	---

Stöðugt yrki, gefur örugga uppskeru og góðan þroska hvort sem árar betur eða verr. Fljótþroska af tvíraðayrki að vera. Sé **Kríu** komið tímanlega í jörð á hún að vera skurðarhæf í lok ágúst í meðalári. Kría stendur vel af sér vind og lítil hætta er á að hún leggist. Ber þó á brothættum stönglum eftir að fullum þroska er náð. Kría ber smá korn en rúmþyngd er góð. Ef menn vilja koma sem mest í veg fyrir haustáföll (veður og fugla) þá er raunhæfast að nota Kríu og hefja skurð í lok ágúst. *Hentar vel bæði á sandi og moldarjörð.*

Hentar vel í öllum landshlutum.

90510	KANNAS - takmarkað magn	180-200	25	✓
-------	-------------------------	---------	----	---

NYTT

Heldur fljóttara til þroska en Filippa og gefur meiri uppskeru. Rúmþyngd með því besta sem gerist í íslenskum rannsóknum. **Kannas** er fallett álitum og stendur veður ágætlega af sér. Vonir eru bundnar við að þetta yrki muni leysa eldri tvíraða yrki af hólmi s.s. Filippu, Barbro og Mitja. *Hentar vel bæði á sandi og moldarjörð.*

Hentar í öllum landshlutum, sérstaklega í lágsveitum sunnanlands.

90525	FILIPPA	180-200	25/700	✓
-------	---------	---------	--------	---

Filippa er gamalt yrki sem hefur haldið vinsældum, sér í lagi sunnan- og vestanlands. Hefur stór korn og góða rúmþyngd en skilar jafnframt miklum hálm. Bognar í haustveðrum en brotnar lítið. Ver sig vel mót vindi með því að láta ax drjúpa. Fremur veikt gagnvart sveppum. *Hentar vel í sendnum jarðvegi. Hefur mikið þol gegn súrum jarðvegi niður að pH 4,5.*

Hentar helst í lágsveitum sunnanlands.

90521	BARBRO	180-200	25/700	✓
-------	--------	---------	--------	---

Barbro hefur skilað ívið meiri uppskeru en Filippa í íslenskum tilraunum en skilar þroska heldur seinna en flest önnur yrki. Kornþungi og rúmþyngd ágæt, gefur mjög góða uppskeru í góðum árum. Hefur góðan strástyrk og skilar háu próteinhlutfalli miðað við bygg. *Hefur skilað góðri uppskeru á sandi en hentar líka í moldarjarðvegi.*

Hefur reynst vel sunnanlands en síður annars staðar.

90536	MITJA	180-200	25/700	✓
-------	-------	---------	--------	---

Tiltölulega seinþroska hérlendis en hefur góða möguleika á að skila mjög góðri uppskeru þegar árar vel sunnanlands. **Mitja** er fremur lágvaxið yrki með sterkt strá. Hefur stór korn, ágæta rúmþyngd, hátt sterkjuhlutfall en jafnframt fremur hátt próteinhlutfall miðað við bygg. Hefur ekki sérstakt viðnám gegn sveppum. *Hentar sæmilega í sendnum jarðvegi en kýs þyngri jörð.*

Hentar helst í lágsveitum sunnanlands.



Hafrar



Hérlendis eru hafrar mest ræktaðir til grænfóðuröflunar en einnig er nokkuð um að þeim sé sáð til kornþroska, þ.e. til þreskingar.

Hafrar eru heldur seinni til kornþroska en bygg, almennt nægjusamari á köfnunarefnisáburð, þólnari á súran jarðveg og þurrkþólnir. Hafrar geta gefið góða uppskeru og eru prýðilegt kjarnfóður fyrir skepnur. Auðveldast er að láta hafra ná þroska á sandjörð. Fuglar láta hafra frekar í friði en bygg og þeir eru almennt þolgóðir í haustveðrum. Yrkin **Cilla** og **Akseli** eru sérstaklega ætluð til kornþroska og hafa skemmri vaxtarlotu en sumarhafrar til sláttar.

HAFRAR TIL ÞROSKA & SUMARHAFRAR

90595	Hafrar til þroska - CILLA	180-200	25/600	✓
90597	Hafrar til þr. - CILLA - lífrænt	180-200	25	✓

Cilla er fljótþroska og nokkuð uppskerumikið yrki, vinsælasta yrkið til þroska síðustu ár. Fæst einnig lífrænt vottað.

90598	Hafrar til þroska - AKSELI	180-200	40	✓
-------	----------------------------	---------	----	---

Akseli er álitlegt og fljótþroska yrki, hefur komið prýðilega út í tilraun og ræktun. Í Finnlandi er fullyrt að þetta sé uppskerumest meðal snemþroska hafra.

90105	Sumarhafrar - BELINDA	200	25/600	✓
-------	-----------------------	-----	--------	---

Sumarhafrar **Belinda** eru seinþroska hafrar sem hérlendis nýtast vel sem grænfóður sem skriður seint. Belinda er blaðrík og gefur góða uppskeru. Hafrar henta vel sem skjólsáning en líka er sniðugt að sá þeim með ertum. Sumarhafrar hafa reynst vel til grænfóðurræktar í þurrum sumrum þar sem þeir eru þurrkþólnari en rýgresi.

Gerðu góða stæðu betri

Stæðuplastið fyrir íslenskar aðstæður
fæst hjá Líflandi!

Megaplast Power

Yfirplast

- 10m x 50m
- 12m x 50m
- 14m x 50m
- 16m x 50m

Undirplast

- 12m x 50m
- 14m x 50m
- 16m x 50m



Verðskrá á

www.lifland.is

Hveiti & rúgur

Hveitiræktun hefur náð sér nokkuð á strik hérlendis, en tæpast er von á fullþroska korni nema í hlýrri kornræktarsveitum og að því gefnu að ári þokkalega. Við bjóðum gott úrval finnskra hveitirykja sem öll hafa verið reynd hér.

Vetrarhveiti skal sá í júlí-ágúst og verður það hæft til skurðar að hausti ári síðar. Hentar þar sem vetur eru mildir og sumur löng og reynist best í mildari sveitum eða í hlýrri innsveitum þar sem snjóþekja er stöðug.

Vorhveiti þarf langan þroskunartíma og er sjaldnast þreskt fyrr en í október. Vorhveiti þarf langt og hlýtt sumar, má telja það þurfi allt að mánuði lengri vaxtartíma en fljótþroska bygg við íslenskar aðstæður.

Tvíær **vetrarrúgur** hefur verið ræktaður til þroska hér með nokkrum árangri en aðallega er honum sáð til vorbeitar. Rúgur er mun vetrarþolnari en t.d. hveiti. Rúgi er sáð um mitt sumar og heldur hann græna litnum yfir veturinn og tekur því við sér um leið og hlýnar að vori. Hann er því kominn í fulla sprettu á undan öðrum túngróðri. Einnig má vorsá honum og beita eða slá sáðarið án þess að hann skriði og heldur hann fóðrunarvirði langt fram á haust.

HVEITI & RÚGUR

90633	Vetrarhveiti - URHO	180-200	40	✓
-------	---------------------	---------	----	---

Gamalt og reynt yrki sem hefur verið notað hérlendis. Einstaklega vetrarþolið og fljótþroska árið sem það ber korn. Uppskeyra er þó heldur í minna lagi miðað við yngri yrki.

90636	Vetrarhveiti - STAVA	180-200	25/700	✓
-------	----------------------	---------	--------	---

Sameinar þokkalegt vetrarþol og góða uppskeru. Þegar vetur eru mildir hefur yrkið gefið góða raun.

90710	Vetrarhveiti - ARKTIKA	180-200	40	✓
-------	------------------------	---------	----	---

Vetrarþolið, uppskerumikið, miðlungi fljótþroska og hefur staðið sig vel í ræktun. Hefur fremur veikt strá og er því hætt við legu.

90700	Vorhveiti - ANNIINA	180-200	40/600	✓
-------	---------------------	---------	--------	---

Hefur verið áberandi fljótast í tilraunum hérlendis. Hefur verið notað með góðum árangri í bestu sumrum.

90700	Vorhveiti - WAPPU	180-200	40/600	
-------	-------------------	---------	--------	--

Hefur reynst vera mjög fljótþroska í finnskum tilraunum. Er þó fyrst og fremst ætlað sem skepnufóður vegna hás próteinhlutfalls miðað við önnur yrki.

90622	Vetrarrúgur - REETTA	200	40	✓
-------	----------------------	-----	----	---

Vetrarrúgur **Reetta** hefur reynst vel bæði í tilraunum og ræktun hérlendis. Reetta er vetrarþolið og uppskerumikið yrki en ekki mjög fljótt til þroska síðara sumarið.



Grænfóður & ertur



Ræktun einærra grænfóðurjurta er mikilvægur liður í fóðuröflun á flestum búum og ef vel tekst til getur hún tryggt næringarríkt gróffóður.

GRÆNFÓÐUR

90220	Sumarrýgresi - SWALE	30-40	20	✓
-------	----------------------	-------	----	---

Swale er uppskerumikið, tvílitna yrki sem stendur ferlitna yrkjum fyllilega snúning. Gefur góðan endurvöxt og hentar til beitar og sláttar.

90271	Vetrarrýgresi - MEROA	30-40	10/20	
-------	-----------------------	-------	-------	--

Meroa er uppskerumikið, ferlitna yrki sem gefur góða og jafna uppskeru.

90275	Vetrarrýgresi - DASAS	30-40	25	✓
-------	-----------------------	-------	----	---

Dasas er uppskerumikið, tvílitna yrki sem gefur góða uppskeru. Hentar vel í helmingskammti með **Meroa** þegar ætlunin er að verka rýgresistöðuna en tvílitna rýgresi er auðveldara að þurrka en ferlitna.

90304	Sumarrepja - LYSIDE	10-16	10	
-------	---------------------	-------	----	--

Fliótsprottin og harðgerð fóðurrepja sem þarf stuttan vaxtartíma. Hefur það framyfir önnur yrki að vera bragðbetri enda myndar **Lyside** lítið af tannín, erúkasýru og glúkósínólötum.

90362	Vetrarrepja - DELTA	8-10	10	✓
-------	---------------------	------	----	---

Delta er uppskerumikil, lágvaxin og blaðrík fóðurrepja hentug í randbeit.

90382	Vetrarrepja - HOBSON	8-10	25	✓
-------	----------------------	------	----	---

Uppskerumikið, hávaxið og blaðríkt repjukál fyrir haustbeitina. Því hættir lítið til að blómstra. **Hobson** er mest notaða vetrarrepjuyrkið héraendis síðustu ár.

90423	Fóðurnæpur - SAMSON	2,5	5	
-------	---------------------	-----	---	--

SAMSON næpur gefa mjög mikla, orkuríka og lystuga uppskeru.

ERTUR

Hentugt er að rækta ertur sem grænfóður og heilsæði í blöndu með höfrum eða byggi. Ertur eru góðar fóðurjurtir, prótein- og steinefnaríkar. Ertur, líkt og smárar, binda köfnunarefni úr andrúmslofti sé fræið smitað.

90642	Ertur - TINKER - takm. magn	200-250	25	
-------	-----------------------------	---------	----	--

Tinker er ertuyrki með reynslu héraendis, prótein- og steinefnaríkt grænfóður sem sáð er í heilsæði með höfrum eða byggi til sláttar og votverkunar.

NÝTT	90642	Ertur - INGRID	200-250	25	
-------------	-------	----------------	---------	----	--

Nýtt yrki ætlað fyrir norðlægar aðstæður, samkvæmt sænskum tilraunum stendur **Ingrid** mjög vel og er uppskerumikil.

90645	Bakteríusmit fyrir ertur	Í 100 kg	0,1	
-------	--------------------------	----------	-----	--

Bakteríusmit fyrir smára og ertur

Ertur og smárar þurfa bakteríusmitun til vaxtar og fæst smitið hjá Líflandi í 100 gr pokum. Það er bleytt upp í mjólk fremur en vatni og hrært saman við fræið þannig að fræið verði rakt. Fræinu er sáð þegar það hefur dregið í sig vökvann sem gerist fremur hratt. Æskilegt er að sá smituðu fræi strax, helst í skýjuðu veðri og valta strax á eftir. Geyma skal smitað fræ í kæli verði einhver bið á. Sjálft smitið þarf einnig að geymast í kæli og skal forða því alfarið frá sólarljósi.

Verðskrá á

www.lifland.is

Olíujurtir & smárar

Lífland hefur stutt dyggilega við tilraunir með ræktun olíurepju- og nepju með því að bjóða gott úrval af vetrar- og voryrkjum. Úrvalið hefur tekið mið af þeirri reynslu sem hér hefur aflast í tilraunum en segja má að fullþroskuð uppskera náist árvísst hjá þeim bændum sem náð hafa bestum tókum á ræktuninni.

Afurðir repju og nepju eru fræ sem pressuð eru vegna hás olíuinnihalds. Hratið sem eftir verður er próteinríkt og hentar vel í fóður fyrir búpening.

OLÍUNEPJA, OLÍUREPJA & OLÍUHÖR

90340	Vor olíunepja - CORDELIA	6-8	20	✓
-------	--------------------------	-----	----	---

Cordelia, er stöðugt yrki og tiltölulega áhættulítið í ræktun. Hefur gefið nýtilega uppskeru að jafnaði bæði í tilraunum og ræktun.

90320	Vetrar olíunepja - LARGO	6-8	10	✓
-------	--------------------------	-----	----	---

Largo er nokkuð þolið vetraryrki. Lifir best þar sem veðráttu er stöðug, ef það lifir veturinn af á **Largo** sjaldnast í vandræðum með að ná þroska sumarið eftir.

90399	Vor olíurepja - MARIE	4-6	20	
-------	-----------------------	-----	----	--

90394	Vetrar olíurepja - VISION	4-6	20	
-------	---------------------------	-----	----	--

90395	Vetrar olíurepja - GALILEO	4-6	10	✓
-------	----------------------------	-----	----	---

Galileo er tiltölulega fljótt til þroska síðara árið, vetrarþol í meðallagi miðað við repju. Hefur verið notað héraðs í tilraunum og ræktun.

90455	OLÍUHÖR - TAURUS	6-8	10	✓
-------	------------------	-----	----	---

SMÁRAR & BAKTERÍUSMIT

Ræktun smára í blöndu með grasfræi hefur aukist jafnt og þétt á liðnum árum. Smárar eru gott, steinefnaríkt fóður með hátt próteinhlutfall og þeir binda köfnunarefni í jarðveg og draga þar með úr áburðarþörf og stuðla að sjálfbærari búskaparháttum. Til að tryggja árangur í ræktun smára þarf bakteríusmit.

Hvítsmári hentar mjög vel til beitar og sláttar. Hvítsmári breiðir úr sér með jarðrenglum og mun því auka þekju sína árin eftir sáningu. Hann skilar ekki mikilli uppskeru en gefur góðan endurvöxt og hefur ágætt vetrarþol.

Rauðsmári er mun uppskerumeiri og gefur almennt góðan endurvöxt. Rauðsmári hefur ekki jarðrenglur heldur stólparót og hefur því ekki sömu möguleika á að breiða úr sér og hvítsmárin. Hann þolir þurrk en er ekki jafn vetrar- og beitarþolinn og hvítsmári.

90600	Hvítsmári - UNDRUM	7-11	10	✓
-------	--------------------	------	----	---

Undrom er gamalt yrki og þrautreynt héraðs, skilar viðunandi uppskeru.


90610	Rauðsmári - BJURSELE	12-14	10	✓
-------	----------------------	-------	----	---

Mikið notað og prófað héraðs. **Bjursele** er ágætlega endingargott og uppskerumikið tvílitna yrki. Þykir hafa mjög gott vetrarþol í Norður-Svíþjóð.

90612	Rauðsmári - YNGVE	12-14	10	✓
-------	-------------------	-------	----	---

Yngve er tvílitna rauðsmári, hann er ágætlega endingargóður og uppskerumikill. Hefur líklega betra vetrarþol en mörg ferlitna yrkin á boðstólnum héraðs.

90619	Bakteríusmit fyrir smára	Í 10 kg	0,1	
-------	--------------------------	---------	-----	--



Grasfræblöndur & grasfræ til túnræktar

Lífland býður upp á fjölbreytta flóru grasfræblanda og grastegunda, helstu tegundir eru:

Vallarfoxgras er besta fóðurgrasið hérlendis. Það er mjög gott fóður, gefur mikla uppskeru í fyrri slætti en lakari endurvöxt en margar aðrar tegundir. Það þolir svell og kulda ágætlega en endist fremur illa sé það slegið eða beitt snemma. Það er ekki þurrkþolið.

Vallarsveifgras er skriðult, myndar þéttan svörð og lokar eyðum. Ekki uppskerumesta grasið en gefur góðan endurvöxt og er mjög harðgert. Ágætt fóður en ekki eins lystugt og vallarfoxgras.

Fjölært rýgresi er uppskerumikið og gott fóðurgras. Það er ekki vetrarþolið en getur lifað í mildari sveitum, þó hafa komið vetrarþolnari yrki í seinni tíð. Í ræktun er það bæði til ferlitna og tvílitna en ferlitna yrkin gefa meiri uppskeru og betra fóður.

Hávingull er uppskerumikil grastegund með ágætan endurvöxt. Þolir frost ágætlega en ekki mjög svellþolinn. Hávingull er ágætt fóðurgras og er mjög heppilegur í blöndu með rauðsmára, vallarfoxgrasi eða öðrum grastegundum.

Einnig er boðið upp á túnvingul, strandreyr, stórvingul og fleira.

GRASFRÆBLÖNDUR TIL TÚNRÆKTAR

90000	Grasfræblanda - K	25-30	15	
-------	-------------------	-------	----	--

Grasfræblanda—K, hefðbundin vallarfox-/vallarsveifgrasblanda sem hentar vel til beitar og sláttar. Samanstendur af harðgerðum og uppskerumiklum yrkjum vallarfoxgrass með gott vetrarþol. Vallarsveifgrasyrkið **Sobra** tryggir þéttleika grassvarðarins og bætir endingu.

Innihald: Vallarfoxgras SNORRI 45% og TRYGGVE 40% og vallarsveifgras SOBRA 15%.

90006	Rýgresisblanda - LÍF	25-30	15	
-------	----------------------	-------	----	--

Rýgresisblanda—LÍF, samanstendur af harðgerðum og uppskerumiklum vallarfoxgrasyrkjum með gott vetrarþol. Fjölæra rýgresið **Birger** er þrautreynt hér á landi og eykur uppskeru sáðárið, gefur kjarngott fóður og skýlir vallarfoxgrasinu í uppveiti.

Innihald: Vallarfoxgras SNORRI 45% og TRYGGVE 40% og fjölært rýgresi BIRGER 15%.

90010	Fjölgrasablanda - LÍF	25-30	15	
-------	-----------------------	-------	----	--

Fjölgrasablanda—LÍF, samanstendur af harðgerðum og uppskerumiklum yrkjum vallarfoxgrass með gott vetrarþol. Í blöndunni er hávingull **Kasper** sem gefur mjög góðan endurvöxt, einnig vallarsveifgrasyrkið **Sobra** sem tryggir þéttleika grassvarðarins og bætir endingu.

Innihald: Vallarfoxgras SNORRI 30% og TRYGGVE 30%, hávingull KASPER 30% og vallarsveifgras SOBRA 10%.

Ath. Hlutföll vallarfoxgrasyrkja í blöndunum geta tekið breytingum milli lota og eru ekki alltaf í fullu samræmi við lýsingu hér.

GRASTEGUNDIR TIL TÚNRÆKTAR

90022	Vallarfoxgras—SNORRI	20-25	10	✓
-------	----------------------	-------	----	---

Snorri er mjög vetrarþolið yrki og nokkuð uppskerumikið. Það er afrakstur af samnorraenu úrvali. Gefur góðan endurvöxt en lakari en bestu yrkin.

90029	Vallarfoxgras—KORPA	20-25	10	✓
-------	---------------------	-------	----	---

Korpa er mjög vetrarþolið yrki, afrakstur af úrvali svellþolinnna grasa úr íslenskum túnum. Sprettur vel fram að fyrri slætti en gefur endurvöxt í minna lagi.

90037	Vallarfoxgras—GRINDSTAD	20-25	10	✓
-------	-------------------------	-------	----	---

Grindstad er uppskerumikið yrki og gefur meiri endurvöxt en norðlægu yrkin en vetrarþolið er ekki eins mikið. Hentar best um sunnanvert landið.

Verðskrá á

www.lifland.is

GRASLEGUNDIR TIL TÚNRÆKTAR FRH.

NÝTT

90045 Vallarfoxgras—TRYGGVE 20-25 10 ✓
Tryggve er nýtt yrki sem kemur í stað JONATAN, samkvæmt yrkiseigendum er það uppskerumeira í fyrri slætti en Jonatan, gefur svipaðan endurvöxt og er heldur endingarbetra. Hefur ekki klárað yrkjaprófanir hér á landi en hefur lifað vel hingað til og líklegt að þetta sé ágætt yrki fyrir íslenskar aðstæður.

90042	Vallarfoxgras—JONATAN	20-25	10	✓
90043	Vallarf.—JONATAN - Lífr.	20-25	10	✓

Jonatan er ágætlega vetrarþolið og gefur þokkalegan endurvöxt. Fæst einnig lífrænt vottað.

90050	Vallarfoxgras—SWITCH	20-25	10	✓
-------	----------------------	-------	----	---

Switch er uppskerumikið og gefur meiri endurvöxt en norðlægu yrkin en vetrarþolið er ekki eins mikið. Hentar best um sunnanvert landið.

90067	Vallarsveifgras—SOBRA	20-25	10	✓
-------	-----------------------	-------	----	---

Sobra er gamalt og þaulreynt uppskerumikið yrki. Gott að sá í 10 - 20% hlut með vallarfoxgrasi til að loka eyðum.

90223	Fjölært rýgresi—BIRGER	25-35	10/20	✓
90228	Fjölært rýgr.—BIRGER - Lífr.	25-35	10	✓

Birger er ferlitna, tiltölulega vetrarþolið og uppskerumikið hér á landi. Fæst einnig lífrænt vottað. Gott að sá í hreinrækt eða að hámarki 15% á móti vallarfoxgrasi.

98129	Hávingull—KASPER	25-30	10/20	✓
-------	------------------	-------	-------	---

Kasper er hávingulsyrki sem hefur komið vel út í ræktun hérlendis. Betri endurvöxtur en hjá vallarfoxgrasi, reynist prýðilegt fóður og hentar vel til beitar.

98136	Hávingull—MINTO	25-30	20	
-------	-----------------	-------	----	--

Minto, hávingulsyrki sem ekki er komin mikil reynsla á en ætti að henta vel í mildari sveitum og skila auknum endurvexti og henta í beitartún.

98149	Stórvingull—SWAJ	25-30	10	✓
-------	------------------	-------	----	---

Swaj, skilar miklu af grófu og lystugu heyi sem getur hentað vel fyrir hross. Þurrk- og beitarþolinn en hentar helst í mildari sveitir vegna vetrarþols

98102	Axhnoðapuntur—LUXOR	25-30	15	
-------	---------------------	-------	----	--

Axhnoðapuntur fer snemma af stað á vorin og það þarf að slá hann snemma. Hann hefur góðan endurvöxt, er þurrkþolinn en þolir svell og vorfrost ekki eins vel og vallarfoxgras. **Luxor** er ekki fullreynt yrki en sprettur snemma og gæti reynst gott beitargras. Mjög uppskerumikið en tapar fóðrunarvirði hratt við skrið.

98002	Túnvingull—RUBIN	25-30	10	✓
-------	------------------	-------	----	---

Túnvingull er þurrkþolinn, nægjusamur, beitarþolinn en er ekki gott fóðurgras. Á helst rétt á sér þar sem hætta er á þurrkum eða í túnbökunrækt og grasflatir. **Rubin** er gamalt og þrautreynt yrki

90080	Sauðvingull—RIDU	25-30	20	
-------	------------------	-------	----	--

Ridu er nægjusamur, svarðarmyndandi og hindrar frostlyftingu. Hentugur til uppgæðslu og í grasflatarböndur en ekki í tún.

98160	Strandreyr—C	15-20	10	
-------	--------------	-------	----	--

Strandreyr C, fjölær og ræktaður vegna hálmsins, t.d. til orkuvinnslu eða undirburðar. Fjölær tegund sem getur enst árum saman.



Góður heyfengur er gulli betri

Hjá Líflandi færðu gæðaplast
fyrir íslenskar aðstæður

MEGASTRETCH

Megastretch fimm laga hágæðaplast

Grænt 75 cm	kr. 10.850 án vsk.
Hvítt 75 cm	kr. 10.850 án vsk.
Svart 75 cm	kr. 10.650 án vsk.

Unterland Extra plus gæðaplast

Grænt 75 cm	kr. 10.650 án vsk.
Hvítt 50 cm	kr. 8.650 án vsk.

Total Cover rúllunet 3.600 metrar

Kr. 22.900 án vsk.

Visscher Holland bindigarn

Bindigarn fyrir rúllur VITO 250
Stórbaggagarn VITO 130



UNTERLAND EXTRA plus



Total Cover rúllunet
Netið sem íslenskir
bændur velja!

Frír flutningur um allt land ef pantað er fyrir 1. maí

Ef gengið er frá sáðvörupöntun fyrir 18. apríl fylgir
frír flutningur um allt land. *

Leitaðu tilboða hjá söluráðgjöfum okkar:

Söluráðgjafar í sáðvöru	540 1138	sadvara@lifland.is
Verslun Akureyri	540 1150	akur@lifland.is
Verslun Blönduósi	540 1155	blonduos@lifland.is
Verslun Borgarnesi	540 1154	guffy@lifland.is

Lífland söluráðgjöf
540 1100

Lynghálsi, Reykjavík
lifland@lifland.is

Lónsbakka, Akureyri
www.lifland.is

Borgarbraut, Borgarnesi
Efstubraut, Blönduósi


LÍFLAND

* = Miðað við að pöntuð séu 300 kg eða meira. Lífland áskilur sér rétt til verðbreytinga, s.s. vegna gengisþróunar, án fyrirvara.